

**Nd.**

**37. Frumvarp til laga**

**[36. mál]**

um breyting á lögum nr. 34 1943, um fiskveiðasjóð Íslands.

Flm.: Magnús Jónsson, Jónas Rafnar, Einar Ingimundarson, Sigurður Bjarnason.

**1. gr.**

Aftan við 4. gr. laganna komi nýr stafliður:

e. Til verbúða og útgerðarhúsa (sjóhúsa).

**2. gr.**

Lög þessi öðlast þegar gildi.

**Greinargerð.**

Samkvæmt núgildandi lögum um fiskveiðasjóð Íslands er sjóðnum ekki heimilt að lána fé til byggingar verbúða eða útgerðarhúsa, nema þeirra húsa, þar sem jafnframt fer fram einhver fiskiðja. Hefur þetta valdið miklum erfiðleikum á mörgum útgerðarstöðvum, þar sem vélbátaeigendur skortir tilfínanlega viðunandi húsnæði í landi til fiskisöltunar, fiskgeymslu, geymslu veiðarfæra og til ýmissa annarra nota í sambandi við útgerð báta sinna. Munu margir hafa leitað á náðir fiskveiðasjóðs, en þar sem löggin heimiluðu ekki lánveitingar til þessara framkvæmda, hefur ekki reynzt auðið að veita mönnum úrlausn þar. Er þá ekki annað að leita en til banka, sem oft hafa reynzt harla tregir til að leysa á viðunandi hátt úr þessum erfiðleikum.

Sumum kann að virðast bera í bakkafullan lækinn að gera tillögur um auknar byrðar á fiskveiðasjóð, sem er þess alls ekki megnugur að veita lán í samræmi við þau ákvæði, sem nú gilda um starfsemi sjóðsins.

Á síðasta þingi kom fram tillaga um að fella niður undanþágu þá um greiðslu fiskveiðasjóðsgjalds af saltfiski, sem gilt hefur um nokkur ár. Frumvarpi þessu, sem horið var fram af meiri hluta sjávarútvegsnefndar neðri deildar, var vísað frá með rökstuddri dagskrá þess efnis, að saltfiskframleiðslan gæti ekki staðið undir gjaldinu. Jafnframt var þó viðurkennd hin mikla fjárþörf fiskveiðasjóðs og því beint til ríkisstjórnarinnar að gera einhverjar ráðstafnir til að afla sjóðnum nauðsynlegs starfsfjár.

Þar sem flutningsmenn þessa frumvarps telja því líklegt, að ríkisstjórnin leiti úrræða til þess að bæta úr brýnni fjárþörf sjóðsins, eru ekki neinar tillögur gerðar um það efni. Hins vegar teljum við eðlilegt, að það sé í verkahring fiskveiðasjóðs Íslands að lána til útgerðarhúsa og verbúða eigi síður en t. d. til oliugeyma og dráttarbrauta.